

Seltjarnarnesi, 15. febrúar, 2008.

Seltjarnarnesbær  
Skólanefnd  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnesi

## **Umsögn foreldraráðs Grunnskóla Seltjarnarness um skólanámskrá Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2007 – 2008.**

### **1. Inngangur**

Foreldraráð Grunnskóla Seltjarnarness hefur haft skólanámskrá skólans til umsagnar samkvæmt 31. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995. Í fyrsta sinn eftir að skólarnir voru sameinaðir (2004) var nú lögð fyrir foreldraráð ein heildstæð námskrá fyrir skólastigin tvö.

Foreldraráð fagnar þessari nýju sameiginlegu námskrá Grunnskóla Seltjarnarness og telur hana vera heildstæðan leiðarvísi um skólastarfið sem nýst geti öllu skólasamfélaginu. Okkur finnst nú loks vera komið plagg sem býr til ákveðinn ramma um skólastarfið og þar með umræðugrundvöll fyrir alla hagsmunaaðila skólans. Þrátt fyrir það eru nokkur atriði sem okkur finnst ábótavant og munum við gera grein fyrir þeim hér að neðan.

Í þessari umsögn verður ekki fjallað um efnislegar athugasemdir við framsetningu meginmarkmiða náms og kennslu í einstökum kennslugreinum, heldur miða ábendingar ráðsins fremur að almenna hluta skólanámskrárinnar í víðara skilningi og reifaðar eru hér á eftir. Þegar hefur verið farið yfir athugasemdir foreldraráðs á tveimur fundum með skólastjórnendum. Á þeim fundum var farið nánar yfir athugasemdirnar heldur en unnt er að gera í umsögn sem þessari.

### **2. Forsendur umsagnar**

Þegar veitt er umsögn um skólanámskrá er mikilvægt að í upphafi liggi fyrir þau viðmið sem höfð eru að leiðarljósi við umsögnina. Líkt og við síðustu yfirferð okkar á skólanámskránni nýtum við okkur viðmið sem er að finna í **gátlista fyrir greiningu og mat á skólanámskrá** sem unninn var fyrir Fræðslumiðstöð Reykjavíkur árið 1998 með leiðsögn frá prófessor Ingvari Sigurgeirssyni og uppfærður var árið 2002. Í samræmi við gátlistann þá lítur foreldraráð svo á að skólanámskrá eigi að vera **heildstæður leiðarvísir um skólastarfið fyrir allt skólasamfélagið**, þ.e. nemendur, foreldra og forráðamenn, kennara, skólastjórnendur og yfirstjórn skólamála í sveitarfélaginu. Þannig þarf góð skólanámskrá ekki aðeins að uppfylla lágmarksviðmiðanir aðalnámskrár um meginmarkmið náms og kennslu, heldur einnig

**að veita nánari upplýsingar um hvaðeina sem varðar skólastarfið í víðasta skilningi, þ.e. starfsemi innan skólans, sem ekki snýr beinlínis að framangreindum kennslugreinum, stöðu skólans í samfélaginu, tengsl heimila og skóla o.s.frv. Auk þess að vera útfærsla á aðalnámskrá, á skólanámskrá að taka mið af sérstöðu viðkomandi skóla og aðstæðum. Skólanámskrá er þannig sá vettvangur þar sem yfirstjórn skólans setur fram **sérstök markmið og sýn skólans á námi, kennsluháttum og námsmati.****

### **3. Ytra útlit**

Skólanámskrá er að finna á heimasíðu skólans, þar sem henni er skipt niður í 7 flokka, almennar upplýsingar, stoðþjónusta, foreldrar, stefna og þróun, nefndir og ráð, bekkjarnámskrár og valgreinar. Taka mætti tillit til þessarar flokkunar við uppsetningu stiku sem höfð er til hliðar, þ.e. hafa þar flokkana sjö, þegar einn af þeim er valin kæmu þá undirflokkarnir í ljós. Það er mjög ruglingslegt hvernig þetta er sett upp í dag. Hvað undirflokkana varðar þá mætti raða þeim betur upp eftir innihaldi.

Erfitt er að leita í skólanámskránni ef hún er lesin í heild sinni þar sem engin blaðsíðutöl eru í efnisyfirliti. Hægt væri að hafa efnisyfirlit fremst í hverjum kafla en ef erfitt væri að koma því við væri hægt að gera efnisyfirlit fyrir alla skólanámskrána.

Ytra útlit skólanámskrárinnar hefði gjarnan mátt vera líflegra t.d. með ýmsum skemmtilegum myndum úr skólastarfinu.

### **4. Sýn og stefna skólans**

Í skólanámskránni er að finna skýra skólastefnu sem glögglega má sjá að er byggð á skólastefnu Seltjarnarness. Hlutverk, framtíðarsýn og markmið eru þar tíunduð en hinsvegar vantar sárlega útfærslu á því hvernig stefnt sé að því að koma stefnu skólans í framkvæmd þ.e. framkvæmdaráætlun.

Eins er það álit foreldraráðs að skólinn þurfi að marka sér skýra sérstöðu sem samræmist sýn og stefnu skólans.

### **5. Mat og skólaþróun**

Í afhentu eintaki skólanámskrár koma fram greinagóðar upplýsingar um mat á skólastarfi. Foreldraráð telur hins vegar að úrvinnslu skólamatsins í reynd sé ábótavant. Ekki er ljóst hvernig unnið hefur verið að umbótum á skólastarfi í kjölfar þess mats sem nú hefur farið fram. Í skólanámskrá vantar símenntunaráætlun. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áhugaverðum þróunarverkefnum sem eru í gangi í skólanum. Þessi þróunarverkefni teljum við þó ekki í beinum tengslum við útkomu úr sjálfsmati skólans.

Benda má á að enga umfjöllun er að finna um uppbyggingarstefnuna sem verið er að vinna að í skólanum.

### **6. Kennsluhættir og námsmat**

Gerð er grein fyrir kennsluaðferðum í umfjöllun um hverja kennslugrein. Hins vegar telur foreldraráð að setja ætti fram með almennum hætti hver sé stefna og markmið skólans hvað kennsluhætti varðar, sem svo sé nánar útfærð hvað varðar einstakar

kennslugreinar. Á þetta einkum við á þeim sviðum, sem skólinn telur sig hafa sérstöðu eða vill marka sér sérstöðu hvað varðar kennsluaðferðir og kennsluhætti.

Um námsmat og greiningu á stöðu nemenda er aðeins fjallað í tengslum við einstakar kennslugreinar. Hins vegar er ekki tekið fram hver sé stefna skólans almennt hvað varðar námsmat og greiningu á stöðu nemenda og hvort hann marki sér einhverja sérstöðu í því tilliti. Teljum við brýnt að úr því verði bætt.

## **7. Sérkennsla**

Ljóst er að fjölbreytileg sérkennsla á sér stað í skólanum. Í skólanámskránni er vitnað í lög og reglugerðir hvað varðar rétt nemenda. Hins vegar telur foreldraráð það ekki nægilegt, fram þurfi að koma hver sé stefna almennt og framtíðarsýn skólans hvað varðar sérkennslu.

## **8. Framsetning bekkjarnámskráa**

Bekkjarnámskrár eru settar upp á skipulegan hátt eftir árgöngum, inngangsköflum og samræmi í uppsetningu og fyrirsögnum. Foreldraráð lýsir ánægju með þessa framsetningu. Almennt má segja um bekkjarnámskrárnar að inntak þeirra er sett fram á nokkuð mismunandi hátt eftir námsgreinum, þó uppsetning og fyrirsagnir séu samræmdar. Í sumum námsgreinum er inntakið sett fram á mjög skýran hátt. Í öðrum greinum er lýsingin óskýrari og stundum er erfitt fyrir foreldra að átta sig á inntaki þeirra t.d. hvað varðar aðferðir við námsmat og kennsluaðferðir. Því er lesanda ekki alltaf ljóst hvernig lögð er “áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver fái eitthvað við sitt hæfi” eins og kveðið er á um í skólastefnu Grunnskóla Seltjarnarness. Foreldraráði þætti æskilegt að inntaki væri skýrar lýst í sumum námsgreinum og að skýr tenging væri þar við stefnu skólans.

## **9. Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Foreldraráð telur skorta á almenna umfjöllun um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, stefnu skólans í fjölmennigarlegum kennsluháttum, umfjöllun um móttökufæri erlendra nemenda og samstarf og ráðgjöf við erlenda foreldra. Af augljósum ástæðum væri æskilegt að þessar upplýsingar væru tiltækar á helstu erlendu tungumálum.

## **10. Stjórnun –verkaskipting - skipulag**

Í skólanámskrá er að finna skipurit skólans. Þar skortir hins vegar skýrar upplýsingar um verkaskiptingu, ábyrgð og starfslýsingar hvernar stöðu. Foreldraráði telur æskilegt að slíkar upplýsingar komi fram á einum stað til að foreldrum sé ljóst hver gerir hvað í skólanum.

## **11. Skólareglur**

Skólareglur virðast ekki vera til á erlendum tungumálum, slíkt eintak fylgdi a.m.k. ekki því eintaki skólanámsskrár, sem afhent var foreldraráði. Reglurnar vísa til þess að þær byggist á reglugerð nr. 385/1996, en þá tilvísun þarf að uppfæra með tilliti til núgildandi reglugerðar um skólareglur í grunnskóla nr. 270/2000.

## **12. Samskipti og líðan**

Stefna skólans varðandi samskipti nemenda og starfsmanna og líðan nemenda er nokkuð skýr sbr. kaflana “Aðgerðaáætlun gegn einelti og ofbeldi” og “Stefna og þróun”. Í fyrrgreinda kaflanum segir m.a.: “Allir nemendur skulu fræddir um stefnu skólans...” er varðar einelti og ofbeldi. Að mati foreldraráðs er mjög mikilvægt að nemendur fái kynningu á þessari stefnu en vandasamt er að sjá í námsskránni hvar og hvenær það er gert. Foreldraráð hefði einnig viljað sjá skýra lífsleikniáætlun sem tekur á heilbrigðum lífsháttum, jafnrétti og forvörnum. Í bekkjarnámsskrám kemur hins vegar mjög skýrt fram hvað og hvernig lífsleikni er kennd og lýsir ráðið ánægju sinni með það. Við í foreldraráði hefðum vilja sjá - bæði í stefnu skólans og inngangi sem fylgir hverri bekkjarnámsskrá fyrir sig – meira gert úr virðingu og umhyggju. En að mati ráðsins eru þetta þættir sem leggja grunn að vellíðan nemenda og allra sem að skólastarfi koma.

Það er mat foreldraráðs að í kafla um stoðþjónustu sé ekki nógu skýrt kveðið á um fjölda starfsmanna í frímínútnagæslu á skólalóðinni.

## **13. Eineltisáætlun**

Það er mat foreldraráðs að í aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi þurfi að skerpa á samstarfi við foreldra og að tryggja að samskipti við þá fari fram strax á upphafsstigum. Einnig þarf að tryggja opnara upplýsingaflæði í eineltismálum til að foreldrar geti rætt þau við börn sín, sem stundum hafa orðið vitni að eineltisatvikum. Í gátlista um hvernig tekið skuli á einelti er óljóst á hvaða stigi skuli haft samband við foreldra, en að mati foreldraráðs er nauðsynlegt að hafa samband við foreldra strax þegar eineltismál kemur upp. Ekki kemur heldur fram í áætluninni hvernig ræða eigi við skólafélaga (sem stundum eru óbeinir þátttakendur í eineltisatvikum) og foreldra þeirra um eineltismál sem upp koma.

## **14. Samstarf heimilis og skóla**

Í kaflanum sem ber heitið foreldrar, sem að mati foreldraráðs er mjög rýr, finnst okkur vanta að skráð sé skýr stefna skólans varðandi samstarf skólans og heimilanna, hvernig slíku samstarfi sé háttað, hvers skólinn væntir af foreldrum í slíku samstarfi og boðleiðir fyrir foreldra gagnvart skólanum. Það er mat foreldraráðs að nauðsynlegt sé að opna skólann betur fyrir foreldrum t.d. bjóða þá sérstaklega velkomna að kíkja inn í skólann og kennslustundir. Einnig þarf í þessum kafla um samstarf heimilis og skóla að koma fram skýr stefna um upplýsingaflæði t.d. milli umsjónarkennara og kennara. Í dag er mjög misjafnt hve virkir kennarar eru í að senda skilaboð með börnunum, eða nota mentor fyrir almennar upplýsingar um bekkjarandann, atvik sem koma upp, samskiptin í bekknum, sérstaka viðburði, heimsóknir o.fl.

## **15. Samstarf milli skólastiga**

Ítarleg lýsing er á samvinnu leik- og grunnskólans, hins vegar er hvergi að finna neitt um hvernig tekið er á móti nemendum við upphaf skólagöngu. Ekki kemur heldur fram hvernig staðið er að því að kynna skólann fyrir þeim börnum sem ekki eru á leikskólum innan sveitafélagsins og foreldrum þeirra. Óskýrt er hvernig upplýsingum er miðlað á milli Mýrar- og Valhúsaskóla, en þessi samskipti eru einkar mikilvæg, eins og fram hefur komið í skólastarfinu nú í vetur.

## **16. Félagsstarf**

Í skólanámskránni er greint frá föstum viðburðum í félags- og tómstundastarfi í 1.- 6. bekk og einnig í 7.-10. bekk. Ljóst er að margvíslegt félagsstarf fer fram innan skólans. Athygli vekur að fáir viðburðir eru nefndir í 1.- 6. bekk en margir í 7.-10. bekk. Að mati foreldráðs er gott að helstu viðburðir séu hér taldir upp. Eins væri gott að hafa á einum stað heildstæða stefnu fyrir félagslíf skólans, skipulag þess og stjórnun, tengsl við Selið, upplýsingaflæði til foreldra, skipulag nemendafélags og þátttöku og ábyrgð nemenda í félagsstarfinu.

## **17. Öryggismál**

Í skólanámskrá er birt rýmingaráætlun skólans og einnig er sagt frá því að skólinn sinni fyrstu hjálp við slys, þó að skyndihjálparáætlun sé ekki birt.. Einnig er sagt frá áfallaráði og hlutverki þess og öryggistrúnaðarmenn nefndir þó hlutverk þeirra sé ekki getið.

Að mati foreldraráðs vantar nokkuð upp á að fjallað sé um öll þau mál sem varða öryggi nemenda í skólanum. Hæst ber að nefna að ekki er fjallað um umferðaröryggi barnanna að öðru leyti en því að nefnt er að skólinn sé móðurskóli í umferðarfræðslu. Í ljósi þess hvernig umferðarmálum er háttað við skólann, og með tilliti til þess umrótatíma sem verður í kringum skólana á næstu misserum vegna framkvæmda, er mikilvægt að skýr og uppfærð skilaboð séu send foreldrum og forráðamönnum barna hver ábyrgð þeirra er í að tryggja umferðaröryggi við skólann. Upplýsingar um gæslu m.a. í frímínútum, göngum, íþróttahúsi og á ferðalögum eru einnig mjög takmarkaðar. Öryggismál sem tengjast efnanotkun og geymslu efna m.a. í smíðastofum, myndmenntastofum og ræstikompum er heldur ekki nefndar í skólanámskránni.

## **18. Skóladagvist**

Upplýsingar um skóladagvist eru skýrar og greinargóðar. Þar koma fram markmið og hlutverk dagvistunar. Reglur eru skýrar s.s opnunartími, gjaldskrá, samstarf við íþróttafélagið Gróttu og hvernig og með hvaða fyrirvarar tilkynnt skuli um breytingar á vistunartíma. Talað er um að nemendur geti fengið aðstoð við heimanám en foreldraráð þætti æskilegt að einnig kæmi fram með hvaða hætti það væri.

## **19. Hagnýtar upplýsingar**

Í skólanámskránni er að finna lista yfir starfsmenn skólans og netföng, hins vegar vantar þar upplýsingar um viðtalstíma. Upplýsingar um opnunartíma skrifstofu vantar einnig.

Foreldraráð vonar að ábendingar þess í umsögn þessari, auk þeirra efnislegu ábendinga sem þegar hafa fram komið á fundum, reynist skólastjórnendum Grunnskóla Seltjarnarness gagnlegar við frekari vinnu við framþróun skólanámskrár skólans.

Með góðri kveðju,

Foreldraráð Grunnskóla Seltjarnarness

Birna Helgadóttir

Davíð Gíslason

Kristín Jónína Gísladóttir

Sigurlína Margrét Magnúsdóttir

Afrit sent til:

Skólastjóra Grunnskóla Seltjarnarness